

Arctic Smolt hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafirði

Egilsstaðir, 24.9.2024
UST202401-243/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 27. ágúst 2024 - Arctic Smolt, ID 249

Þann 27. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Arctic Smolt, Norður-Botni, Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

- Við neyslu- og lausageyma skulu tryggðar öruggar mengunar-, árekstra-, eld- og slysavarnir.

Lausir olíutankar hafa verið fjarlægðir og í stað þeirra hefur nýjum varanlegum olíugeymi verið komið fyrir. Árekstravarnir eru við hann og því er frávikinu lokað.

- Frárennislögnum skal veitt minnst fimm metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöru eða tuttugu metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Framkvæmdum við frárennsli frá stöðinni er ekki lokið.

Rekstraraðili hefur unnið eftir samþykktri úrbótaáætlun. Úrbótum átti að ljúka á árinu 2023 og er því farið fram á nýja úrbótaáætlun varðandi frávik nr. 2 hér að ofan.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

- Fara þarf yfir útreikninga á fosfór- og niturlosun stöðvarinnar árið 2023.
- Endurskoða þarf neyðaráætlun, viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og vöktunaráætlun rekstraraðila.
- Gæta þarf að því að efni sem á að fjarlægja við tiltekt, berist ekki út í umhverfið.

Þrjú frávik komu fram er varða:

- Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
- Gr. 4.5 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
- Gr. 3.5 í starfsleyfi. Tromlusía í húsi 1 er biluð og er því frárennslisvatn ekki hreinsað á fullnægjandi hátt.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. október 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri